

22. apríl 2024
Tilv.: 2404154

Nefndarsvið Alþingis
nefndarsvid@althingi.is
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall ýmissa laga á sviði fjármálamarkaðar, 154. löggjafarþing, 913. mál.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra til laga um brottfall ýmissa laga á sviði fjármálamarkaðar, 913. mál. Málið gekk til efnahags- og viðskiptanefndar 11. apríl sl. Efnahags- og viðskiptanefnd sendi þann 12. apríl sl. umsagnarbeiðni til Lánamála ríkisins, með umsagnarfresti til 22. apríl nk.. Undir Lánamál ríkisins heyrir m.a. umsýsla með ríkisábyrgðum og Ríkisábyrgðasjóði.

Lánamál gera ekki athugasemdir við frumvarpið en vilja koma á framfæri þeirri ábendingu að í tengslum við frumvörp til laga sem leggja til brottfall annarra laga á sviði fjármálamarkaða þurfi að huga sérstaklega að því hvort í lagabálkunum geti falið ábyrgð ríkissjóðs á þeim skuldbindingum sem þar er lýst eða vísað til. Þannig segir í 1. gr. laga um um ríkisábyrgðir að ríkissjóður megi aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum. Ríkisábyrgðir geta samkvæmt eðli sínu verið skilyrt fjárútlát ríkissjóðs í framtíðinni. Til þess að ríkissjóður megi greiða út ríkisábyrgð þarf sú heimild sem mælir fyrir um ríkisábyrgð að vera virk á meðan undirliggjandi skuldbinding sem ríkisábyrgð er ætlað að tryggja er virk. Undirliggjandi skuldbindingar geta verið margvíslegar, t.d. lánasamningar eða skuldabréf sem gefin eru út til langs tíma, lífeyrisskuldbindingar o.fl.

Við skoðun á þeim lagabálkum sem til stendur að fella brott með frumvarpinu verður ekki séð að þeir feli í sér ábyrgðir ríkissjóðs á skuldbindingum sem þar er lýst.

Virðingarfyllst,
Lánamál ríkisins

Davíð Stefánsson
sérfræðingur

Hákon Zimsen
lögfræðingur

Fullgild rafræn undirskrift

Hákon Zimsen

26.04.2024 15:16

Fullgild rafræn undirskrift

Davíð Stefánsson

26.04.2024 15:23